

# Öldungadeild Læknafélags Íslands 25 ára

## Kristófer Þorleifsson

formaður. Öldungadeildar LÍ

Stofnfundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands var haldinn 7. maí 1994. Haldin var 25 ára afmælishátíð í framhaldi af aðalfundi félagsins 3. maí síðastliðinn í Hvammi á Grand Hótel. Alls mættu 45 á hátíðina og snæddu saman gómsæta þriggja rétta máltíð.

Hátíðinni stjórnaði Kristófer Þorleifsson formaður Öldungadeildar LÍ.

Á hátíðinni var Sigurður Egill Þorvaldson gerður að heiðursfélagi, en hann var formaður félagsins frá 2009 til 2013. Formaður afhenti Sigurði heiðurskjal og eiginkonu hans Jónu Þorleifsdóttur blóm-vönd.

Undir borðum flutti Reynir Tómas Geirsson fyrrv. prófessor og forstöðulæknir á kvennadeild Landspítala erindi sem nefndist „Normannar og Engilsaxar. Um saumaða sögu“. Í erindinu fjallaði Reynir um meginverk í miðaldasögu Evrópu, saumaðan 70 metra langan refil eða vegg-saum sem gerður var í Englandi um 10-12 árum eftir innrás Normanna í England 1066. Refillinn er kenndur við borgina Bayeux í Normandí þar sem hann hefur verið geymdur nær óslitið í 950 ár. Eiginkona Reynis, Steinunn J. Sveinsdóttir (1945-2018)



Hluti afmælisgesta.



Reynir Tómas Geirsson prófessor emeritus.

þýddi danska skáldsögu um tilurð refilsins og saumaskapinn, og Reynir hefur verið að vinna að útgáfu þýðingarinnar. Hann fjallaði um refileinn sjálfan, – mesta listaverk snemmiðalda sem gert var af konum, um saumaskapinn og saumaðferðina sem gleymdist eftir 13. öld nema á Íslandi, um sögu hans og hvernig refileinn varðveittist lítt skemmdur í nær 1000 ár. Hann rakti sögu þá sem refileinn lýsir, það er að segja herferð Normanna til Englands, tildrög hennar og aðstæður beggja megin Ermarsundsins, tilviljanir sem gerðu siglingu 100 lítilla skipa með hesta og hermenn mögulega, erfiða stöðu Engilsaxa, sem neyddust til að berjast fyrst við norskan her norðar í landinu og ganga svo hraðgöngu suður að Ermarsundi til að berjast við Normannana og bandamenn þeirra við Hestengi. Hann sýndi fjölda mynda, bæði af stærri og smærri atriðum í refileinum, – sögulegum, lýsandi og skondnum, myndir af refileinum sjálfum á safninu í Bayeux og af stöðum sem tengjast sögunni beint og óbeint. Í lokin var



Sigurður E. Þorvaldson heiðursfélagi og eiginkona hans, Jóna Þorleifsdóttir, ásamt formanni.

orrustunni við Hestengi lýst. Loks fjallaði Reynir um hvaða þýðingu innrás Normanna hafði fyrir samfélagsskipan á Bretlandi og framrás sögunnar, á Bretlandi, í Evrópu og hvernig hún gæti hafa tengst tilurð breska heimsveldisins.

Góður rómur var gerður að erindi Reynis og honum þakkað með heiðurskjali og bókagjöf sem formaður afhenti honum. Samkomunni lauk um kl. 23 og héldu þá gestir hver til síns heima glaðir og reifir.



### Stjórn Öldungadeildar

Kristófer Þorleifsson formaður  
Jóhannes M. Gunnarsson ritari  
Guðmundur Viggósson gjaldkeri  
Halldóra Ólafsdóttir  
Margrét Georgsdóttir

### Öldungaráð

Hörður Alfreðsson  
Magnús B. Einarson  
Reynir Þorsteinsson  
Snorri Ingimarsson  
Þórarinn E. Sveinsson

### Umsjón siðu

Magnús Jóhannsson